



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2022
Tilv. 22041375/0.7.3

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild Reykjavíkurborgar til að skipa nefnd til að kanna starfsemi vöggustofa, 599. mál

Vísað er í erindi frá nefndarsviði Alþingis dags. 12. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn við 599. mál, þingskjal 841. Þjóðskjalasafni þykir rétt að koma með ábendingu um 6. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að upplýsingalög gildi ekki um störf nefndarinnar og gögn hennar. Í greinargerð frumvarpsins er í skýringu um 6. gr. vísað í að mikilvægt sé fyrir nefndina að hafa fortakslausan og óheftan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem kunna að varða starfsemi vöggustofa í Reykjavík og er að finna í vörslum opinberra skjalasafna, stjórnvalda og annarra aðila. Rétt er að benda á að hluti af þeim gögnum sem nefndin mun afla, einkum frá opinberum skjalasöfnum og eru upprunninn hjá stjórnvöldum, eru eldri en 30 ára gömul og um aðgang að þeim gilda lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Um skjöl stjórnvalda sem eru yngri en 30 ára gömul gilda upplýsingalög nr. 140/2012.

Rétt er að benda á að umrædd nefnd mun starfa í takmarkaðan tíma og ekki séð að þörf sé á að takmarka aðgang að gögnum nefndarinnar um alla tíð. Því væri rétt að takmarka aðgang að gögnum nefndarinnar á meðan hún starfar en þegar hún hefur lokið stöfum að þá gildi upplýsingalög og lög um opinber skjalasöfn eftir atvikum um gögn hennar.

Því þykir Þjóðskjalasafni rétt að beina því til Alþingis að skoða hvort að rétt sé að tiltaka að um aðgang að gögnum nefndarinnar gildi hvorki upplýsingalög né lög um opinber skjalasöfn á meðan nefndin starfi.

Virðingarfyllst,

Njörður Sigurðsson
aðstoðarþjóðskjalavörður